

Illskan og Guð

Tilvist illskunnar er óumdeilanleg. Við sjáum hana allt í kringum okkur. Illskan er stór þáttur í sögu mannkynsins og spilar þar oftast en ekki stórt hlutverk. Þannig er það líka í ritum Biblíunnar. Allt frá þriðja kafla Fyrstu Mósebókar er illskan til staðar í hinum margvíslegu birtingarmyndum og kallar stöðugt á viðbrögð Guðs. Í sögu Ísraelsþjóðarinnar, sem varðveitt er í Gamla testamentinu, er illskan aldrei langt undan. Oftast en ekki á hún hlut að máli þegar einstaklingar eða þjóðin öll brýtur gegn vilja Guðs. Afleiðingarnar eru misalvarlegar, allt frá því að vera vísað burt úr Paradís, til Nóaflóðsins og útlegðarinnar í Babýlon og svo áfram.

Spurningar tengdar illskunni og þjáningunni sem af henni hlýst eru áberandi innan gyðing-kristinnar trúarhefðar. Frammi fyrir illskunni og afleiðingum hennar er spurt um eðli og hlutverk hennar. Hvaðan kemur illskan? Hefur hún einhvern tilgang? Þegar trúaður einstaklingur á hlut að máli er óhjákvæmilegt að spyrja um tengsl illskunnar og Guðs.

Þekktasta dæmið um einstakling sem glímur við illskuna og áhrif hennar í Gamla testamentinu er Job. Þegar þjáningin er komin á það stig að vera óbærileg hefur Job upp raust sína og tjáir örvæntingu sína á afgerandi hátt, meðal annars með því að iðrast þess að hafa fæðst (Jb 3.11–13). Hann telur sig hafa ástæðu til að kvarta yfir ástandi sínu (Jb 7.11). Það fer illa í vini hans sem eru mættir til að hugga hann. Þeir telja þjáningar Jobs eiga sér eðlilegar orsakir í fortíð hans. Að þeirra mati er þjáning hans hirting Guðs og því ætti hann að vera þakklátur, frekar en að örvænta (Jb 5.17–18). Þetta kann Job ekki að meta. Hann telur vini sína ranglega halda því fram að Guð sé að baki þjáningu hans og að hans mati eru þeir „hvimleiðir huggarar“ og ekkert annað (Jb 16.2).

Þó að höfundur Jobsbókar virðist hafna því að líta beri á illsku og þjáningu sem refsingu (eða gjöf) frá Guði, þá er fjarri því að í bókinni sé að finna endanleg svör um upphaf og ástæður. Í gegnum tíðina hafa margar kenningar verið settar



Ritid

1. tbl. 23. árg. 2023 (115-118)

© 2022 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.23.1.5
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

fram um eðli og eiginleika Guðs í ljósi illskunnar og margvíslegra áhrifa hennar. Á síðustu öldum hafa slíkar kenningar gengið undir heitinu *theo-dicy*, sem er grískt að uppruna og samsett úr hugtökunum *theos* (guð) og *dike* (réttlæti), en á íslensku eru ýmist notuð hugtökin *trúvörn* eða *guðvörn*. Trúvarnarkenningar leitast við að standa vörð um gæsku og réttlæti Guðs. Oftar en ekki gefa þær til kynna að illskan sé nauðsynleg fyrir þroska okkar eða að hið góða og fallega verði ekki metið til fulls án illskunnar. Þannig enda þær með því að réttlæta illskuna frekar en að útskýra hana. Helsta gagnrýnin á slíkar hugmyndir er að með því að telja illskuna nauðsynlega sé gert lítið úr þeim skelfilegu afleiðingum sem hún geti haft í för með sér.

Eitt af lykilatriðum gyðing-kristinnar trúarhefðar er að telja hinn efnislega heim í eðli sínu góðan vegna þess að hann sé sköpunarverk Guðs. Það gerir þeim erfitt fyrir sem vilja finna þar skýr svör um upphaf illskunnar og hlutverk hennar. Í Gamla testamentinu eru settar fram fleiri en ein skýring. Þar má til dæmis finna frásöguna af höggorminum í þriðja kafla Fyrstu Mósebókar. Hins vegar eru það mótmæli Jobsbókar gegn því að sjá orsakasambengi á milli illsku og óhlýðni við boð Guðs, eins og áður hefur verið nefnt. Þó að ekki sé sett fram ein ákveðin hugmynd um upphaf og hlutverk illskunnar þá eru tjáning á mótþróa og andóf gegn illskunni algeng í svokölluðum harmljóðum. Mörg þeirra er að finna í Davíðssálmum, sem stundum er nefndur Saltarinn. Í harmljóðunum er erfiðum aðstæðum lýst, sem meðal annars kemur fram í því að hjálp Guðs virðist hvergi nærri. Oft kemur fram reiði gagnvart Guði og vonleysi, eins og einkennir til dæmis andóf Jobs. Engu að síður má merkja trú hjá höfundinum sem treystir því að Guð muni heyra og bregðast, þrátt fyrir mótlætið. Eitt af þekktustu harmljóðum Gamla testamentisins er 22. Davíðssálmur þar sem segir meðal annars:

Guð minn, Guð minn! Hví hefur þú yfirgefið mig?
Ég hrópa en hjálp mín er fjarlæg.
„Guð minn!“ hrópa ég um daga en þú svarar ekki,
og um nætur en ég finn enga fró.

Höfundur minnir Guð á söguna og fyrirheitin til „forfeðranna“. Þá var Guð hvorki fjarlægur né skeytingarlaus gagnvart þjóð sinni:

Samt ert þú Hinn heilagi
sem ríkir yfir lofsöngvum Ísraels.
Þér treystu feður vorir,
þeir treystu þér og þú hjálpaðir þeim,
hrópuðu til þín og þeim var bjargað,
treystu þér og vonin brást þeim ekki.

En ólíkt því sem áður var, þegar hjálp Guðs var nærri, hefur vonleysið náð tökum á sálmaskáldinu. Engu að síður kallar skáldið á hjálp í örvæntingu sinni:

En ég er maður og ekki maður,
smánaður af mönnum, fyrirlitinn af öllum.
Allir, sem sjá mig, gera gys að mér,
geifla sig og hrista höfuðið.
Hann fól málefni sitt Drottni,
hann hjálpi honum,
og frelsi hann, hafi hann þóknun á honum.
Þú leiddir mig fram af móðurlífi,
lést mig liggja öruggan við brjóst móður minnar.
Til þín var mér varpað úr móðurskauti,
frá móðurlífi ert þú Guð minn.
Ver eigi fjarri mér
því að neyðin er nærri
og enginn hjálpar.

Orðalagið í þessu harmljóði er fyrst og fremst þekkt vegna þess að í Mattheusar- og Markúsarguðspjalli eru upphafsorðin lögð í munn Jesú Krists áður en hann gefur upp andann á krossinum.

Kristín trúarhefð byggir á gyðinglegum grunni, sem gerir það að verkum að Nýja testamentið verður ekki skilið nema í ljósi þess Gamla. Í fornum kristnum játningatextum er byrjað á því að staðfesta sköpunartrú Gamla testamentisins með því að játa trú á „Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar“. Því næst er fjallað um son Guðs, sem „klæddist holdi ... og gjörðist maður“. Þannig er bilið brúað á milli sköpunar og skaparans sem illskan í formi óhlýðni leiddi af sér. Með hugmyndinni um „holdtekju Guðs“ áréttar kristin trú svar Guðs við illskunni í heiminum. Guðspjöllin segja frá því hvernig heimurinn brást við þessu svari Guðs. Píslarsögu Krists er að finna í öllum fjórum guðspjöllum Nýja testamentisins. Kjarni hennar er frásagan af því hvernig illskan náði að lokum yfirhöndinni og innsiglaði sigur sinn á föstudaginn langa. En sagan af píslum Krists endar ekki á Golgata heldur með vitnisburði kvennana um tómu gröfina á páskadagsmorgun.

Á síðustu áratugum hefur minna farið fyrir því að útskýra illskuna, í anda hefðbundinna trúvarnarkenninga. Í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar og helfararinnar komu fram áleitnar spurningar um viðbrögð Guðs við hinum margvíslegu birtingarmyndum illskunnar. Sumir töldu það ekki trúverðugt að

tala um Guð eftir þær hörmungar sem dunið höfðu yfir. Einn þekktasti guðfræðingur Vesturlanda um miðja síðustu öld var Þjóðverjinn Dietrich Bonhoeffer.¹ Hugmyndir Bonheoffers um „hinn þjáða Guð“ höfðu mikil áhrif innan kristinnar guðfræði á síðari hluta 20. aldar. Með því að leggja áherslu á opinberun Guðs í þjáningu og dauða Krists á krossinum tók Bonhoeffer upp þráðinn frá Marteini Lúther og guðfræði krossins sem hann setti fram á fyrri hluta 16. aldar. Þýski guðfræðingurinn Jürgen Moltmann skrifaði rit sitt um „hinn krossfesta Guð“ undir áhrifum Lúthers og Bonheoffers í upphafi áttunda áratugarins, þar sem hann leggur áherslu á að Guð sé hvorki dauður, máttlaus né miskunnarlaus, heldur taki sér stöðu með þeim sem þjást.

Femínískir guðfræðingar hafa tekið virkan þátt í umræðunni um illskuna og þjáninguna sem hún hefur í för með sér, meðal annars með því að leggja áherslu á illsku af siðferðilegum toga, einkum þá sem birtist í valdbeitingu gagnvart konum. Í því sambandi hefur verið kallað eftir endurskoðun valdahugtaksins og drottunarvaldinu hafnað sem eina mögulega birtingarformi valdsins. Þá hefur valdi kærleikans verið stillt upp sem andstæðu við drottunarvaldið, þar sem kærleikurinn holdgerist í meðlíðan (lat. *com-passio*). Með því að endurskilgreina vald Guðs sem kærleika er ekki lengur nauðsynlegt að stilla valdi og kærleika Guðs sem andstæðum. Um leið er opnað á þann möguleika að sjá kross Krists sem tákni um Guð sem tjáir kærleika sinn með því að ganga inn í aðstæður þess sem finnur til. Myndir af *Kristu*, af þjáðum kvenlíka á krossinum, hafa verið notaðar til að túlka samlíðan Krists með konum sem hafa orðið fyrir barsmíðum, nauðgun eða annarri valdbeitingu. Af þeim sökum eru Kristu-myndirnar dæmi um skapandi endurskoðun á túlkun og hlutverki krossins.

Í kristinni trú er gengið út frá því að illskan sé raunveruleg en eigi þrátt fyrir það ekki síðasta orðið. Þannig vitnar krossfesting Krists um raunveruleika illskunnar, um leið og hún tjáir samstöðu Guðs sem þeim sem þjást. Einkenni krossmiðlægrar guðfræði er að leitast hvorki við að réttlæta eða afneita illskunni heldur að horfast í augu við hana. Um leið og tilvist illskunnar er hörmuð er kallað eftir hjálp Guðs. Hróp Krists á krossinum er hróp þolanda illskunnar sem finnur sig yfirgefinn af Guði: „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ (Mrk 15.33b). Góðu fréttinar (gr. *euaggelion*) eru þær að sagan endar ekki á krossinum. Hin kristna von treystir því að á eftir föstudeginum langa komi páskar.

¹ Bonhoeffer var virkur í Játningakirkjunni, sem veitti nasismanum harða mótspyrnu, og gerði meðal annars tilraun til að taka Hitler af lífi. Hann lét lífið í fangelsi hjá nasistum skömmu áður en bandamenn lýstu yfir sigri.